

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 200/2024

2024/EES/92/19

frá 23. september 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/916 frá 26. mars 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/17 um að koma á fót skrá yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 22b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/17) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0916:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/916 frá 26. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/916, 27.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/916, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/916, 27.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/916/oj.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.